

Börkur Sigurbjörnsson

Ást við fyrstu sýn
örsaga



Urban Volcano

Ást við fyrstu sýn


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



ÁST VIÐ FYRSTU SÝN

Ég leit upp þegar þú gekkst inn á kaffihúsið. Hárið féll yfir axlirnar eins og foss í náttúrulífsmynd. Eða auglýsingu fyrir hárnæringu.

Þetta var ást við fyrstu sýn.

Dú settist niður við næsta borð, fórst úr yfirhöfninni og ég dáðist að bleikri peysunni þinni. Þú leist upp og augu okkar mættust. Þú brostir. Ég brosti til baka. Við litum svo bæði vandræðalega undan.

Þetta var stefnumót við fyrstu sýn.

Þó þú værir sæt í bleiku, þá ímyndaði ég mér þig enn dá-samlegri í hvítu, þar sem þú gengir inn kirkjugólfið. Í áttina til mín. Inn í okkar lukkulega hjónaband. Við yrðum svo ham-ingjusöm saman.

Þetta var brúðkaup við fyrstu sýn.

Þar sem þú horfðir yfir kaffihúsið þá laumaðist ég til að virða fyrir mér vangsvipinn. Nefið þitt færi svo vel við augna-brýrnar mínar. Við myndum eignast einstaklega fallega sam-hverf börn.

Þetta var fjölskylda við fyrstu sýn.

Þú pantaðir þér kaffibolla og barst hann upp að vörum þín-um. Ég sá þig fyrir mér í garðinum okkar í úthverfinu, sötrandi kaffi í morgunsólinni. Við fengjum okkur hvolp og skírðum hann Ingjald.

Þetta var hundur við fyrstu sýn.

Og svo, allt í einu, þá beindist augnaráð þitt til dyranna. Augun þín ljómuðu. Þú hljópst til mannsins sem gekk inn. Ókunna mannsins. Þú faðmaðir hann. Þið mættust í ástríðu-fullum kossi. Hvað þá? Hvernig gastu gert mér þetta? Hvernig gastu svikið samband okkar? Samhverfu börnin? Ingjald?

Þetta var skilnaður við fyrstu sýn.

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano